

REGLUGERÐ

179

20. sept.

um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýming hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

1. gr.

Mæðiveikinefnd og framkvæmdastjóri hennar hafa, undir yfirstjórn landbúnaðarmálaráðherra, á hendi stjórn þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til varnar útbreiðslu garnaveiki og útrýmingu hennar.

2. gr.

Nefndinni er heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Hreppstjórar skulu skyldir til, hver í sínum hreppi að líta rækilega eftir því, að hlýtt sé nákvæmlega fyrir mælum laga og reglugerða svo og fyrirskipunum framkvæmdastjóra um fjárflutninga og fjársamgöngur, meðferð óskilafjár og slátrun grunsamra kinda.

Hreppsnefndaroddiviti og hreppsnefndir skulu á sama hátt líta eftir öllu, sem snertir upprekstra og fjallskil og samræming á göngum og réttum. Ennfremur ber þeim að sjá um, að menn þeir, sem framkvæma rannsóknir á veiku eða grunuðu fé, fái alls staðar þá aðstoð við starf sitt, sem nauðsynleg er talin.

3. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að láta fara fram rannsókn á öllu því fé, er hann telur nauðsynlegt, til þess að full vitneskja fáiast um útbreiðslu veikinnar.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í þeim héruðum, þar sem veikin hefir gert vart við sig eða þykja grunsamleg, eru skyldir til að gera hlutaðeigandi hreppstjóra eða framkvæmdastjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Nú telur hreppstjóri, að um garnaveiki geti verið að ræða, og skal hann þá tilkynna það framkvæmdastjóra, er gerir þær ráðstafanir í samráði við nefndina, er hann telur eftir atvikum tryggilegastar.

4. gr.

Við rannsókn á útbreiðslu garnaveikinnar skal ríkið leggja til lyf, tæki og rannsóknarmenn fjáreigendum að kostnaðarlausu. Auk þess verða greiddar úr ríkissjóði hæfilegar bætur, að dómi nefndarinnar, fyrir þær kindur, er drepa þarf vegna rannsókna, og fer um bætur samkvæmt 13. gr. Allur annar kostnaður greiðist af fjáreigendum. Einnig er þeim skylt að veita án endurgjalds alla aðstoð við rannsóknina. Telst þar til meðal annars að flytja rannsóknarmenn eða skoðunarmenn milli bæja. Ef nauðsynleg aðstoð er ekki veitt, getur framkvæmdastjóri látið framkvæma það, sem framkvæma þarf, á kostnað fjáreigenda.

5. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt í samráði við nefndina að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, á þeim svæðum þar sem veikin er eða grunur er á að veikin sé. Á sama hátt má banna hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum eða tilteknum heimilum. Framkvæmdastjóri ákveður, hvaða svæði teljast skuli grunuð og hver sýkt.

179

20. sept.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti, í heimahögum og í réttum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Utansveitarfé og óskilafé, sem líkur eru til að sé sýkt, sé af grunuðu svæði eða kunni að geta borið veikina með sér, má ekki selja til lífs. Skal hreppstjóri sjá um, að allt það utansveitarfé, sem þannig er fyrirskipuð slátrun á, sé drepið og afurðum þess komið í verð á heppilegasta hátt fyrir eigendur fjárens. Sama gildir hvarvetna þar, sem fé verður að slátra vegna varnanna, og eigendur geta ekki sjálfir hagnýtt sér afurðir fjárens vegna fjarlægðar.

7. gr.

Heimilt er nefndinni að banna sauðfjárflutninga frá sýktum eða grunuðum svæðum. Á sama hátt er heimilt að banna flutninga sauðfjár inn á sýkt eða grunuð svæði, ef hætta er á, að það fé renni burt aftur og beri veikina með sér. Hreppstjórar skulu hafa nánar gætur á, að þessum ákvæðum, svo og öllum fyrirmælum nefndarinnar og framkvæmdastjóra um fjársamgöngur o. fl., sé nákvæmlega fylgt.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum og stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdastjóra, að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til varnar útbreiðslu veikinnar. Á sama hátt er framkvæmdastjóra heimilt, í samráði við sveitarstjórnir að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

9. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar skulu hafa strangt eftirlit með því, að sýkt og grunað fé sé aðskilið frá öðru fé svo fljótt sem verða má. Ekki má reka það með öðru fé, hvorki frá réttum eða í bæjarrekstrum.

10. gr.

Nú kemur fé af sýktu eða grunuðu svæði fyrir í útréttum og fjáreigendur eða viðkomandi upprekstrarfélög hafa ekki getu ráðstafanir til að hirða það sérstaklega. Skal þá hreppstjóri láta taka það og slátra, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið að hans dómi, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón að.

Nefndin getur fyrirskipað slátrun á útréttafé, ef hún telur þess þörf vegna varnanna. Einnig getur hreppsnefnd, með samþykki framkvæmdastjóra, fyrirskipað slátrun á því fé úr hreppnum, sem kemur fyrir í vissum útréttum og eru allir hreppsþúar skyldir að hlíta þeirri ákvörðun.

11. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, sem ekki hafa veikina, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í sliki girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

12. gr.

Ef fjáreigandi leynir veiki í fé sínu, skýtur fé undan rannsókn eða torveldar rannsókn á því, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í fé annara, varðar það fangelsi.

13. gr.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að sjúku eða grunuðu fé skuli slátrað, til þess að ganga úr skugga um veikina eða hindra útbreiðslu hennar. Bætur fyrir sauðfé, sem slátrað er samkvæmt þessum ráðstöfunum, greiðist af ríkissjóði eftir mati nefndarinnar.

179

20. sept.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að nokkur hluti bótanna greiðist hlutaðeigendum til endurnýjunar fjárstofninum, þegar nefndin telur garnaveikinni útrýmt úr fé þeirra

14. gr.

Þeir bændur, sem lógað hefir verið hjá yfir 10% af ærstofninum, fá auk þess vaxtatillag og aukajarðræktarstyrk á sama hátt og eftir sömu reglum og þeir, sem beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, þó aldrei lengur en eitt ár eftir að garnaveikinni er útrýmt úr fé þeirra, nema sérstaklega standi á að dómi nefndarinnar.

15. gr.

Mæðiveikinefnd er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000 kr. eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 14 15. maí 1939, til öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

180

um sérstakan tímareikning.

29. sept.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sérstakan tímareikning.

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 30. apríl síðastliðinn, samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. apríl 1939, skal vera óbreyttur fyrst um sinn út næstkomandi októbermánuð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.